

Nefndasvið Alþingis,  
Þórshamri v/Templarasund,  
150 Reykjavík

Reykjavík 9. mars 1998

### Umsögn Alþýðusambands Íslands vegna frumvarps til laga um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp ríkisstjórnarinnar um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu. ASÍ lítur á frumvarpið sem hluta af því lagaumhverfi sem nú er í mótun varðandi eignarhald, stjórnun, nýtingu og skiptingu afraksturs af náttúru Íslands og náttúruauðlindum.

Alþýðusambandið leggur áherslu á að einkaeignarrétti eða afnotarétti, hvort heldur er að landi eða landsnyttjum eða náttúruauðlindum, verður að setja eðlileg mörk. Óeðlilegt er að slíkum rétti fylgi ótakmarkaðar heimildir til nýtingar eða afnota.

Þetta viðhorf hefur raunar ævinlega verið viðurkennt almennt viðmið í íslensku samfélagi. Þannig eru eignarráðum einstaklinga ýmis takmörk sett sem byggja að nokkru leyti á náttúruverndarsjónarmiðum, að nokkru á tilliti til almannahagsmuna og varða skipulega og skynsamlega nýtingu landgæða. Um takmörkun eignarráða á forsendum sem þessum hefur ekki verið deilt í grundvallaratriðum á liðnum áratugum. Í ljósi þessa telur ASÍ sæta furðu sú fyrirætlan sem fram kemur í frumvarpinu að áskilja landeigendum svo ríkan og ótakmarkaðan eignarrétt að auðlindum í jörðu sem raun ber vitni.

ASÍ er ósammála þeirri skoðun sem fram kemur í greinargerð að það kunni að orka tvímælis með tilliti til eignarréttarákvæðis stjórnarskrár að setja almennar og rýmilegar skorður við einkaeignarrétti að auðlindum í jörðu á eignarlandi. ASÍ vísar í því sambandi til þess að efasemdir í þessa veru virðast ekki hafa verið uppi fram að þessu meðal helstu sérfræðinga þjóðarinnar á sviði eignarréttar og stjórnskipunarréttar.


Frumvarpið er að mati ASÍ tæknilega vönduð lagasmíð sem á ýmsan hátt skýrir og afmarkar inntak heimilda til nýtingar auðlinda í jörðu. ASÍ telur að tvímælalaust sé ástæða til að setja löggjöf um þetta efni og að það sé vonum seinna að Alþingi taki af vafa um réttindi til auðlinda í jörðu og eignarhald þeirra.

ASÍ verður á hinn bóginn að andmæla þeirri afstöðu til umfangs eignarhalds einstaklinga sem frumvarpið byggir á og telur að sú afstaða sé ekki í samræmi við þá stefnu sem frumvarp ríkisstjórnarinnar um þjóðlendur byggir á.

ASÍ gerir ekki athugasemdir við einstakar greinar en hvetur til þess að frumvarpið verði endurskoðað þannig að um lagasetningu um eignarhald og nýtingu landsins gæða geti orðið sátt sem þjóðin getur búið við til frambúðar. ASÍ telur að þetta frumvarp bjóði ekki upp á slíka sátt. Óheppilegt væri ef málið yrði pólitískt bitbein þannig að líkur væru til þess að innan skamms tíma yrðu gerðar breytingar á lagaumhverfinu. Slíkt er ekki til þess fallið að skapa þá kyrrð og staðfestu sem þjóðin og atvinnulífið þarf á að halda að ríki um málið.

ASÍ áskilur sér rétt til að koma síðar á framfæri athugasemdum við einstök atriði frumvarpsins ef ástæða verður talin til.

Virðingarfyllst,  
f.h. Alþýðusambands Íslands

  
Gréta Þorsteinsson